

Ed.

145. Nefndarállt

um frumvarp til laga um sameining Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir eigi orðið sammála um frumvarp þetta; leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn er þess letjandi.

Í sveitarstjórnarlöggjöf vorri hefir sú stefna orðið æ ríkari með ári hverju, að láta hjeruðin ráða sem mestu um mál sín, án íhlutunar löggjafarvaldsins, enda ábyrgðin þeirra og allur þungi, ef ver tekst en skyldi. En hvergi kemur þetta berar fram en í löggjöf vorri um skipun sveitarfjelaga og takmörk þeirra. Þannig veitir 4. gr. sveitarstjórnarlaganna hverju kaптúni eða þorpi með 300 íbúum rjett til að verða sjerstakt sveitarfjelag, hve nær sem það krefst, og án þess nein leið sje við því að sporna, nje neinn um að spyrja, hvorki hinn hluta sveitarfjelagsins, sýslunefnd eða stjórnarráð, en fyllri sjálfstjórnarrjett á því sviði er eigi vel unt að hugsa sjer. Og sama stefna kemur fram í lögum um stækkun verslunarlóðarinnar og hafnarinnar í Keflavík 22. nóv. 1917, þar sem Njarðvíkurhreppi, samkvæmt beiðni þaðan, er bætt við kaптúnið Keflavík.

Í sömu átt hníga og lög um stækkun kaupstaða, og stjórnin hefir, að því vitað verður, undantekningarlaust samþykkt breytingar á hreppamörkum, sem fram á hefir verið farið.

Virðist því einsætt að fara að vilja Ísfirðinga og Eyrhreppinga um sameining hreppsins og bæjarins, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, er geri samsteypuna viðsjárverða.

Á það hefir verið stutt, að málið sje eigi formlega fram borið, sakir þess, að álit sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu fylgi því eigi.

En þetta er einber misskilningur.

Mun hjer átt við 72. gr. sveitarstjl., en sú grein krefst alls ekki, að neitt álit liggi fyrir, heldur að eins að þess beri að leita, og það hefir verið gert.

Það er ekki heldur alls kostar rjett, að ekkert álit liggi fyrir frá sýslunefndinni. Hún ljet nefnd ihuga málið, og er að finna í skjölum þess rökstutt álit meiri og minni hluta nefndarinnar.

Því hefir verið haldið fram, að Norður-Ísafjarðarsýslu sje allmikill skaði að því að missa hreppinn, en það fáum við alls ekki sjeð.

Þvert á móti er Norðursýslunni verulegt hagræði að því að losna við öll útgjöld til sýsluvegarins frá Ísafirði og vestur á Breiðadalsheiði, sem eru og hljóta að vera ærið fje og aukast með þroska Ísafjarðar.

Og sýslan hefir ærinn styrk og mannfjölda samt, þar sem láta mun nærri, að 3700 manns sjeu í sýslunni, að Eyrarhreppi frágengnum. Þá hafa síðustu ár-in risið þar upp nokkrar sildveiðistöðvar, og má búast við að þeim fjölgi óðum að heimsstyrjöldinni lokinni, eigi sist í hreppunum norðan Djúpsins, en af því hlýtur sýslan að taka ósmáan vöxt og viðgang.

Hins vegar sýnist alt mæla með því, að sameiningin verði báðum til hagræðis og þrifnaðar.

Hagsæld bygðarinnar er öll bundin við höfnina, og þaðan tekur sveitin styrk og þroska, engu síður en bærinn, og er því allur hagur þeirra svo samgróinn, að hann hlýtur í öllu verulegu að falla saman.

Bærinn er í miðri sveit og vegalengdir þangað svo stuttar, að hvergi mun nema 5 kílómetrum.

Og bráð og brýn þörf virðist á því, að bærinn geti haft frjálssar hendur til að afla sjer landafurða í firðinum, jafnlitlir landskostir og þar eru.

Bæði eru sveitarfélögin vel stæð og á framfaravegi, svo að því leyti virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að þau nái saman.

En landinu ætti það að verða til gagns og góða, að höfuðkaupþún þess hafi sem mest afl og frjálssastar hendur til hvers konar framkvæmda og framsóknar.

Við teljum rjett að gera þá breytingartillögu, að 3. gr. falli niður. Slikt ákvæði er eigi í áðurgreindum samsteypulögum 22. nóv. 1907, enda reglan, sem greinin inniheldur, sjálfsögð.

BREYTINGARTILLAGA

við frumvarp til laga um sameining Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

3. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 21. júlí 1917.

Magnús Torfason,
form. og ritari.

Kristinn Danielsson.

Með því að meðmæli sýslunefndar vantar og að öðru leyti af þeim ástæðum, sem fram eru teknar í álitsskjali meiri hluta sýslunefndarinnar, get jeg ekki lagt það til, að hin háttv. deild samþykki frumvarp þetta að svo stöddu.

D. u. s.

H. Hafstein.